

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 2. desember 2021

Mál nr. S-3307/2021:

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(*Kristmundur Stefán Einarsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

## Birni Ingva Tyler Björnssyni

(*Erlendur Þór Gunnarsson lögmaður*)

### Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 11. nóvember sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 22. júní 2021, á hendur Birni Ingva Tyler Björnssyni, kt. [...], [...], [...], „fyrir líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 8. desember 2019, veist með ofbeldi að A, kt. [...], innandyra á Hverfisbarnum að Hverfisgötu 20 í Reykjavík, tekið í jakka A við hálsmál og dregið hann að stiga inni á staðnum, þá tekið A hálstaki og dregið hann niður stigann í hálstakinu og hent honum þar í gólfið, því næst tekið í hendur A og dregið hann liggjandi út af staðnum þar sem ákærði skildi hann eftir á gangstétt, allt með þeim afleiðingum að A hlaut bólgu í hægri hnélið, rifu á innri liðþófa og tognun á innra liðbandi á hægri hné, blæðingu inn á hnéð og skemmdir í liðbrjóski, en ákærði gegndi störfum dyravarðar umrætt sinn á skemmtistaðnum.

Mál nr. [...]

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### *Einkaréttarkrafa:*

Fyrir hönd A, kt. [...], gerir Unnsteinn Örn Elvarsson, lögmaður, þá kröfu að ákærði greiði brotaþola miskabætur, skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 3.000.000,-, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 08.12.2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr.,

laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Brotþoli gerir einnig kröfu um greiðslu skaðabóta, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, vegna sjúkra-, lækniskostnaðar og kaupa á stoðtækjum, samtals að fjárhæð kr. 95.918,-. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu en til vara krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst hann sýknu af bótakröfu. Einnig krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

## I.

Miðvikudaginn 18. desember 2019 lagði brotþoli fram kæru fyrir líkamsárás sem átti sér stað 8. desember 2019. Greindi hann svo frá að hann hefði verið á skemmtistaðnum Hverfisbarnum. Hefði hann farið á salernið og tekið eftir því að nokkrar stúlkur voru að reyna að opna hurð á klósettbás á kvennasalerninu. Hefðu þær sagt að þar fyrir innan væri karlmaður með dauðadrukna konu. Hann hefði reynt að toga í hurðina, sett fótinn upp að henni og náð að rífa hana upp en innandyra hefðu verið karlmaður og kona. Allt í einu hefði verið rífið í brotþola og hann dreginn út af salerninu og hent einhvern veginn í jörðina. Fyrir neðan stigann hefði hann verið rifinn upp, að því er hann minnti á hnakkadrambinu, og honum kastað út. Kvað brotþoli gerandann hafa verið dyravörð á staðnum. Hefði brotþoli leitað á slysadeild strax í kjölfarið vegna mikils sársauka í hægra hné. Ekki löngu síðar hefði hann leitað til bæklunarskurðlæknis sem hefði staðfest áverka á hné.

Tekin var önnur skýrsla af brotþola 29. janúar 2020 þar sem hann var spurður nánar út í einstök atriði.

Þann 14. janúar 2020 var tekin skýrsla af ákærða. Kannaðist hann við atvikið og lýsti tildrögum þess að hann tók brotþola út af kvennasalerninu og fór með hann út. Kvaðst ákærði hafa tekið í hálsmálið á honum og farið með hann út. Hefði hann náð að ganga með hann niður stiga og sett hann niður á stigapallinum, opnað hurðina og dregið hann út. Brotþoli hefði á meðan á þessu stóð tvisvar reynt að slá ákærða. Kvaðst ákærði hafa veitt því eftirtekt eftir þetta að brotþola var eitthvað illt í fætinum.

Fyrir liggja upptökur úr öryggismyndavélakerfi frá vettvangi, annars vegar upptaka sem sýnir svæði framan við salerni og hins vegar stiga og svæðið neðan við stigann.

Í vottorði læknis á slysa- og bráðadeild vegna komu brotþola 8. desember 2019 er haft eftir brotþola að hann hafi fundið mikið til í hægra hné eftir að hafa verið kastað út af dyraverði á skemmtistað. Hafi allt gerst hratt og hann verið undir talsverðum áhrifum áfengis. Sé hann því ekki viss um hvernig hann lenti. Fram kemur að brotþoli hafi getað stigið í fótinn en fundið mikið til. Við skoðun á hægra hné hafi ekki verið sýnileg merki um mar eða bólgu en brotþoli verið aumur við þreifingu framarlega og miðlægt yfir liðbilinu. Hreyfigeta um liðinn við beygju og réttu hafi verið eðlileg en brotþoli þó fundið til við að rétta hratt úr hné. Þá hafi verið miklir verkir við álagsprófun á liðböndum og liðþófum á innanverðu hné en ekki að finna los. Ekki fengust fram verkir við álag hliðlægt á hnéd og krossbönd voru metin stöðug. Greining læknisins var tognun og ofreynsla á aðra og ótilgreinda hluta hnés. Að lokinni klínískri skoðun var metið líklegt út frá einkennum brotþola að hann væri með liðþófa- og liðbandaáverka á innanverðu hné. Var honum ráðlagt að leita til heilsugæslulæknis til frekari rannsókna ef hann fyndi enn til óþæginda eftir tvær vikur.

Brotþola var vísað til bæklunarskurðlæknis með bréfi heilsugæslulæknis 16. desember 2019. Í áverkavottorði dagsettu 14. apríl 2020 er haft eftir brotþola að hann honum hafi verið hent út af skemmtistað og hann lent illa á hægri ganglim og snúið illa undir sér hægra hné. Hafi hann fundið mikið til og varla getað stigið í fótinn. Við segulómsskoðun á hnénu 10. desember 2019 hafi komið í ljós bólga í liðnum, rifa á innri liðþófa og tognun á innra liðbandi á hægra hné og að blætt hefði inn á hnéd. Brotþoli hafi verið óvinnufær frá því að atvikið átti sér stað og honum reynist enn mjög erfitt að standa í fótinn. Ákveðið hafi verið að framkvæma aðgerð 20. febrúar 2020 þar sem mikið hafi verið af lausum brjósksbitum inni í liðnum og hafi þeir verið hreinsaðir burt. Endurhæfing eftir aðgerðina hafi gengið allvel en bati verið hægur. Segir í vottorðinu að áverkinn teljist nokkuð alvarlegur og geti haft eftirköst síðar.

## II.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða, brotþola og annarra vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði kvaðst hafa verið yfirdyravörður þetta kvöld og hafa þá fyrst tekið eftir brotþola sem vildi freista þess að komast inn á staðinn og fara fram hjá ákærða. Brotþoli hefði verið mjög ölvaður og engu hlýtt. Hefði hann viljað hitta frænku sína sem þarna var. Hefði svo farið að ákærði hleypti honum inn. Nokkru síðar hefði B komið til ákærða og sagt að átök væru á kvennasalerni. Hefði hann heyrt eitthvað óljóst um að karlmaður hefði labbað inn á stelpu á salerni, farið upp og komið að hávöxnum manni sem hefði sagst hafa verið á salerninu. Hefði hann fylgt þeim manni út án vandkvæða en ákveðið að fara aftur upp og kanna stöðuna. Þá hefði hann séð að

hurð á salernisbás var brotin. Á salerninu hefði verið hópur stelpna og brotaþoli, öll saman inni á einum básnum. Þau hefðu reynt að fela sig og loka á hann. Ákærði kvaðst hafa kynnt sig og öskrað hátt og sagt brotaþola að koma út og tala við sig, hann ætti ekki að vera á kvennaklósettinu. Brotaþoli hefði hins vegar ekki hlýtt fyrir mælunum.

Ákærði kvaðst ekki hafa farið inn á salernið heldur náð að teygja sig í brotaþola, sem þá sneri baki í hann, en ætlun hans hefði verið að teyma hann út og ræða við hann. Kvaðst ákærði hafa verið með orkudrykk í annarri hendi. Brotaþoli hefði síðan snúið sér við og slegið til ákærða. Hefði það komið ákærða í opna skjöldu og hann metið það svo að af brotaþola stafaði ógn. Hefði brotaþoli gripið fast í hann og haldið um ákærða, sem þó hefði náð að fara með brotaþola niður. Kvaðst ákærði hafa haldið utan um bak brotaþola sem hefði hangið í honum. Þegar niður var komið hefði hann reynt að koma honum af sér og talið sig ekki geta gert það með öðrum hætti en hann gerði. Eftir þetta hefði engin ógn stafað af brotaþola sem hefði borið fyrir sig hendurnar þar sem hann lá. Ákærði hefði tekið um hendur hans og dregið hann út fyrir. Hann hefði ýtt brotaþola frá með fætinum og lokað hurðinni. Vildi hann koma honum út svo fljótt sem mögulegt var, en allt hefði gerst mjög hratt. Aðspurður kvaðst ákærði hafa veitt því eftirtekt síðar að brotaþoli var haltur og stóð upp við girðingu fyrir utan.

Ákærði kvaðst ekkert hafa talað við brotaþola á meðan á þessu stóð enda hefði verið fullreynt að ná til hans. Kvaðst hann hafa gert sitt besta til þess að gæta eigin öryggis og gesta á staðnum. Ákærði kvaðst ekki hafa heyrt af hinni meintu nauðgun á kvennasalerninu fyrir en eftir á. Kannaðist hann ekki við að reynt hefði verið að vekja athygli hans á því að hann væri með rangan mann.

Ákærði kvaðst hafa starfað sem dyravörður í fjögur ár fyrir þetta atvik. Hann hefði sótt grunnnámskeið í valdbeitingu vegna starfsins.

*Brotaþoli* kvaðst hafa komið einn á staðinn til að hitta frænku sína sem hefði verið á staðnum. Hann hefði farið á salernið og séð stelpur sem töluðu um að karlmaður væri inni á bás að fara að nauðga konu. Hefði hann hjálpað þeim og opnað básinn með því að setja fótinn á þilið á milli básanna og fingurna þar undir og þannig hefði hann náð að rífa upp hurðina. Mikið óðagot hefði orðið eftir það með konuna sem þar var inni. Allt í einu hefði verið þrifið í hann, hann rifinn niður stigann og honum síðan hent út. Hefði hann rankað við sér fyrir neðan stigann, þar hefði hann verið dreginn upp aftur og kastað út fyrir dyrnar. Brotaþoli kvaðst hafa verið frekar drukkinn umrætt sinn og hafa verið búinn að drekka áfengi þegar hann kom á staðinn. Minni hans væri aðeins gloppótt en hann myndi vel eftir að hafa verið rifinn út og dreginn niður fyrir stigann.

Brotaþoli taldi sig hafa verið inni á salerninu þegar hann var dreginn út en ekki inni á klósettbás. Hann kvaðst ekki vita hvernig rifið var í hann. Þegar hann hefði snúið sér við hefði hann séð þann sem var að verki. Hann hefði ekki vitað hver þetta

var og sér hefði brugðið þegar rífið var svona harkalega í hann. Maðurinn hefði ekki sagt neitt við hann áður en hann reif hann út. Hann hefði því ekki vitað að hann væri dyravörður. Kvaðst brotþoli muna að hann hefði reynt að losa sig. Aðspurður kannaðist hann við að hafa streist á móti þegar hann reyndi að losna úr takinu. Hann myndi ekki eftir því að hafa slegið eitthvað frá sér eða hvernig hann var dreginn niður stigann. Þá myndi hann eftir sér þar sem hann lá á maganum fyrir neðan stigann, og svo tekið í hnakkadrambið á honum og hann dreginn út. Hefði hann legið fyrir utan „að drepast“ í hnénu. Kvaðst hann ekki gera sér grein fyrir því hvenær hnéd varð fyrir hnjaski. Tveir strákar hefðu komið og aðstoðað hann við að setjast. Hefði hann hringt á leigubíl og farið á slysadeild því að hann hefði fundið að eitthvað var augljóslega að. Brotþoli kvaðst ekki hafa átt við vanda að stríða í fætinum áður. Hann kvaðst vera múrari og hafa verið fimm vikur frá störfum. Hann glímndi enn við afleiðingarnar og fyndi til.

C kvaðst hafa verið á leið út af salerninu þegar brotþoli hefði vakið athygli hennar á því að á einum salernisbásnum væri ofurölvuð kona með karlmanni sem hefði farið inn á eftir henni. Þau hefðu ekki viljað opna. Hefði henni þótt mjög óþægilegt að vita af þessu. Brotþoli hefði hjálpað til með því að þvinga salernishurðina upp. Það hefði hann gert með því að setja fótinn við hlið hurðarinnar og toga í hana þar til hún opnaðist. Enginn „brjáláður hamagangur“ hefði fylgt þessu. Þarna inni hefði karlmaður verið með mjög drukkinni konu. Karlmaðurinn hefði síðan strunsað út. Dyravörður hefði verið kallaður til og ákærði komið. Vegna misskilnings hefði hann tekið í brotþola. Nánar spurð kvaðst vitnið hafa upplifað aðstæður svo að misskilningur hefði leitt til þessa. Það næsta sem hún myndi væri þegar hún var komin fram. Hún hefði horft niður á milli hæða og séð brotþola liggja þar niðri á gólfinu. Ákærði hefði tekið í hálsmálið á honum og dregið hann eftir gólfinu, opnað hurðina og hent honum út. Vitnið myndi ekki í dag eftir því að hafa talað við dyravörðinn eftir atvikið en það hefði ekkert þýtt að útskýra fyrir honum hvernig í pottinn var búið. Aðspurð kvaðst vitnið hafa verið á bíl þetta kvöld. Borinn var undir hana framburður hennar hjá lögreglu og kvað hún rétt eftir sér haft en atvik hefði hún munað betur þegar hún gaf skýrsluna.

D kvaðst hafa verið uppi við klósettin. Vinur hennar hefði séð karlmann fara með konu inn á kvennasalernið. Hún hefði reynt að opna salernisbásinn með aðstoð E, en án árangurs. Brotþoli hefði komið og hjálpað til og tekist að opna en hún myndi ekki hvernig. Hefðu þær E farið með stelpuna inn á salernisbás og rætt við hana. Brotþoli hefði verið að tala við þær þegar dyravörður tók hann út. Hún hefði ekki séð meira en sagt við hann að hann hefði tekið rangan mann. Hann hefði bent henni á að brotþoli hefði verið inni á kvennasalerninu. Borinn var undir vitnið framburður hennar hjá lögreglu og kvað hún rétt eftir sér haft.

*E* lýsti því að hún hefði komið til að ræða við D og heyrt að einhver væri inni á salerni með konu. Brotapoli hefði brotið hurðina upp og það næsta sem hún vissi hefði verið er hann var dreginn út. Fannst henni sem rangur maður hefði verið tekinn og hefði hún eitthvað reynt að öskra að brotapolí hefði verið tekinn fyrir misskilning. Hefðu þær allar sem þarna voru reynt að láta vita af þessu og að brotapolí hefði bara verið að aðstoða þær. Nánar spurð kvaðst vitnið ekki muna nákvæmlega hvernig dyravörðurinn tók brotapolá út. Borinn var undir vitnið framburður hennar hjá lögreglu og kvað hún rétt eftir sér haft en hún hefði munað atvik betur þegar skýrslan var tekin.

*B* kvaðst hafa ætlað á kvennasalernið. Þar hefði karlmaður verið að rífast við unga konu en fleiri konur hefðu verið þar inni. Hann hefði verið hávær og ógnandi og hún þá bakkað út og staðið á lengdar. Vitnið kvaðst hafa farið og beðið ákærða að koma. Hún hefði staðið fyrir utan salernið og séð þegar ákærði kom og náði í karlmanninn inn á salernið. Ákærði hefði tekið í höndina á honum og gengið með hann út. Síðan hefði hún séð manninn kýla frá sér og reyna að beita ofbeldi. Ákærði hefði þá tekið manninn og farið með hann niður stigann. Hefði ákærði hálfvegis haldið á manninum, að því er sig minnti um axlir. Hefði sá verið ungur maður á hennar aldri. Vitnið hefði síðan farið inn á salernið og athugað með stelpuna en þegar allt virtist í lagi hefði hún ekkert rætt frekar við hana eða þær sem þarna voru.

*F lækni*r rakti helstu atriði læknisvottorðs síns. Kvað hann brotapolá hafa greint svo frá að sér hefði verið kastað út af skemmtistað og hefði hann fundið til í hnénu eftir það. Brotapoli hefði verið aumur við þreifingu í hægra hné við álagsprófun og hefði honum verið ráðlagt um framhaldið.

*G bæklunarskurðlækni*r rakti helstu atriði læknisvottorðs síns. Kvað hann ekki hafa liðið nema um tíu daga frá atvikinu þar til hann hitti brotapolá. Hann hefði komið til hans 18. des 2019 en þá hefði ekki verið talin ástæða til að fara í aðgerð. Hann hefði haft samband þegar hann hefði ekki lagast og hnéð þá verið speglað. Hann hefði áður verið sendur í segulómum sem sýni þó ekki ástandið inni í hnénu. Spegulun sé lítil aðgerð en áhrifarík og sé hún framkvæmd í svæfingu. Hafi komið í ljós að brot væri í ytri liðþófa og liðflötur skaddaður en skemmdir í liðbrjóski hefðu verið alvarlegastar en kvarnast hefði úr því. Þannig hefðu brjóskbitar losnað hjá brotapolá. Taldi læknirinn ljóst að brotapolí hefði fengið einhvers konar snúningsáverka á hné en slíkur áverkí komi til vegna álags eða þrýstings. Tveir fletir verði fyrir meira álagi en þeir séu gerðir fyrir og um bráðatilfelli að ræða með blæðingu. Hefði mátt greina bólgur í hné og ljóst að eingöngu væri um nýlega áverka að ræða. Áverkarnir væru allt annars eðlis en hjá mönnum sem þróuðu með sér slit en það gerðist ekki á þessum aldri. Aðspurður kvað læknirinn áverka eftir brot upp úr brjóski geta lagast hjá ungu fólki

en það yrði aldrei eins gott og áður þar sem brjóskið endurnýi sig ekki. Til skemmri tíma sé áverkinn því ekki alvarlegur en til lengri tíma geti komið slitgigt.

H, sem var dyravörður á vakt umrætt sinn, kom einnig fyrir dóminn en ekki þykir ástæða til þess að rekja framburð hans.

### III.

#### Niðurstaða

Ákærða er gefin að sök líkamsárás innandyra á Hverfisbarnum eins og nánar er lýst í verknaðarlýsingu ákæru. Brotþoli var staddur á kvennasalerni staðarins á efri hæð þegar atburðarásin hófst. Ákærði starfaði sem dyravörður en fram kom í málinu að óskað hefði verið eftir aðstoð á kvennasalerni staðarins. Fyrir liggur að ákærði var í úlpu umrætt sinn sem ekki var auðkennd á neinn hátt með nafni staðarins eða starfsheiti.

Ákærði neitar sök. Varnir hans byggjast öðrum þræði á því að verknaðarlýsing í ákæru sé ekki rétt að öllu leyti og hins vegar á því að háttsemi ákærða hafi verið réttlæt看leg eins og atvikum var háttað. Ákærði kannast við að hafa teygt sig í brotþola sem sneri þá baki í hann og dregið hann út af kvennasalerninu. Hann hafi náð að koma honum niður stigann og, eftir að niður var komið, losað hann af sér á stigapalli. Þá hafi hann tekið í hendur ákærða og dregið hann út af staðnum.

Ákærði bar um að hann hefði áður en hann hafði afskipti af brotþola vísað karlmanni út af staðnum, eftir að vitnið B hefði sagt honum að átök væru inni á kvennasalerninu. Í vitnisburði B kom fram að þegar hún hefði ætlað á salernið hefði hún séð karlmann og unga konu vera að rífast. Fleiri konur hefðu verið þar staddar. Hún hefði hrökklast þaðan út og kallað eftir aðstoð ákærða. Eftir að ákærði tók manninn út af salerninu hefði hún farið þangað inn og hugað að konunni.

Vitnin C, D og E báru um að karlmaður hefði farið inn á salernisbás með afar ölvaðri ungri konu og að það hefði verið tilefni þess að dyravörður var kallaður til. Voru þær afdráttarlausar um að brotþoli hefði eingöngu aðstoðað og þvingað hurð bássins upp. Þá voru þær afdráttarlausar um að brotþoli hefði verið sá aðili sem ákærði tók út af salerninu. Drógu þær þá ályktun að brotþoli hefði verið tekinn fyrir misskilning og hefðu þær reynt að vekja athygli ákærða á því. Á fyrrnefndri upptöku má til að mynda sjá þegar ung stúlka eltir ákærða og brotþola fram á ganginn fyrir framan kvennasalernið og er greinilega mikið niðri fyrir. Í lok upptökunnar sést einnig þegar nokkrar stúlkur ræða ákaft við ákærða.

Framburður brotþola hefur verið stöðugur um atvik að því marki sem hann man þau. Bar hann í öllu meginatriðum á sama veg fyrir dómi og hjá lögreglu. Þá greindi

hann læknum einnig frá atburðarásinni að hluta til. Er framburður hans að mati dómsins trúverðugur. Fær hann stoð af vitnisburði C, D, E og að hluta til B, en ekkert vitnanna sá þó atburðarásina í heild. Vitnin C, D og E voru allar á kvennasalerninu þegar atburðarásin hófst. B var stödd frammi, nokkuð frá kvennasalerninu. Fyrir liggur að vitnið B brá sér frá á tilteknum tímamarki til þess að kalla eftir aðstoð, óupplýst er hve langan tíma það tók og hvað gerðist nákvæmlega í millitíðinni. Þá horfði vitnið C niður á stigapallinn og sá ákærða liggja þar.

Framburður brotaþola og vitna ber þess merki að talsvert er liðið frá atvikum auk þess sem þau voru öll, að C undanskilinni, undir áhrifum áfengis. Fram kom hjá vitnunum C, D og E að þær hefðu munað atvik betur þegar þær gáfu skýrslu hjá lögreglu, en skýrslur voru teknar á tímabilinu 19. desember 2019 til 27. janúar 2020. Ekki var tekin skýrsla af B á rannsóknarstigi.

Líta ber til þess að hafi vitni gefið skýrslu hjá lögreglu og staðfest það sem þar hefur verið eftir því haft við skýrslutöku fyrir dómi, með þeim hætti sem kveðið er á um í 3. mgr. 122. gr. laganna, verður sá framburður eftir atvikum lagður til grundvallar niðurstöðu í málinu. Í slíkum tilvikum metur dómari sönnunargildi þess gagns en niðurstaða ræðst af heildstæðu mati á sönnunargögnum í málinu.

Við mat á sönnunargildi framburðar vitna er litið til 126. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ofangreind vitni hafa að eigin sögn takmörkuð ef nokkur tengsl við ákærða og brotaþola, eins og þeir sjálfir bera um. Er ekkert fram komið í málinu sem bendir til annars. Framburður vitnanna var trúverðugur, svo langt sem hann náði, og hafa þau enga sjáanlega ástæðu til að bera rangar sakir á ákærða með ósannindum.

Eins og áður greinir liggja fyrir í málinu upptökur úr eftirlitsmyndavélum Hverfisbarsins, þar sem umrædd atburðarás sést. Myndavél á efri gangi beindist m.a. á kvennasalerni og hefst upptakan þegar ákærði er í þann mund að draga brotaþola út af kvennasalerninu. Sést þegar ákærði dregur brotaþola aftur á bak út af kvennasalerninu með því að taka í hálsmál hans aftanvert. Hann bregður hægri handlegg síðan yfir háls brotaþola og dregur hann að stiganum. Á meðan á þessu gengur sést ákærði baða út öllum öngum og brjótast um. Stúlka sem þarna kemur mjög nærri þeim virðist fá hönd hans í andlitið. Við stigann, eftir að ákærði leggur af stað niður með brotaþola, sést bleyta á gólfi, sem ekki var þar fyrir. Getur það samræmst því sem ákærði segir, að hann hafi haldið á orkudrykk. Ákærði grípur um handriðið með vinstri hendi og heldur brotaþola enn í sama takinu og dröslar honum þannig niður án sjáanlegrar mótspyrnu brotaþola. Þegar á stigapallinn er komið hendir hann honum snöggt niður.

Frá því að þeir sjást fyrst á upptökunni og þar til yfir lýkur líða um 24 sekúndur. Handtök ákærða, sem ber höfuð og herðar yfir brotaþola, eru fumlauð og ákveðin þegar hann dregur brotaþola fram af kvennasalerninu, áfram að stiga og niður.

Ákærði bar um að hann hefði áður en hann greip í brotaþola öskrað fyrirskipun til hans um að koma sér út af kvennasalerninu. Framburður hans fær ekki stoð af vitnisburði í málinu og telst þetta vera ósannað.

Ákærði bar einnig um að brotaþoli hefði eftir að hann sneri sér að ákærða reynt að slá til hans. Hefði hann á þeirri stundu talið hann vera ógn við sig og aðra. Brotaþoli kannast við að hafa reynt að losa sig án þess að geta lýst því frekar. Viðbrögð brotaþola sem sjást á upptökunni eru að mati dómsins í samræmi við þá lýsingu hans að honum hafi verið brugðið enda ekki vitað hver var þarna að verki. Þau eru ósjálfráð og skiljanleg í aðstæðum sem þessum. Er ekkert fram komið í málinu sem styður það að af honum hafi stafað ógn. Við mat á sönnunargildi framburðar B, sem lýsti ofbeldisfullum tilburðum brotaþola, ber að líta til þess sem áður er rakið um aðkomu hennar og hvernig atvik horfðu við henni. Verður því ekki fallist á það með ákærða að framburður hans um að honum hafi stafað ógn af brotaþola fái stoð í vitnisburði B.

Þegar niður tröppurnar er komið sést ákærði með snöggri hreyfingu sleppa brotaþola í gólfið. Brotaþoli ber hendurnar fyrir höfuð sér. Samræmist þetta ekki framburði ákærða um að hann hafi verið að losa brotaþola af sér og hann hafi hangið í honum allan tímann.

Samkvæmt framansögðu er lýsing ákærða, á þeim atriðum sem ágreiningur er um, í ósamræmi við það sem fram hefur komið hjá brotaþola og vitnum. Verður hann ekki lagður til grundvallar niðurstöðu í málinu.

Dómurinn telur sannað með trúverðugum framburði brotaþola, og framangreindum vitnisburði og gögnum, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.

Fram er komið að brotaþoli hlaut áverka eins og nánar greinir í ákæru. Byggir ákæruvaldið á því að orsakatengsl hafi verið á milli háttsemi ákærða og afleiðinganna.

Á framangreindum upptökum sést þegar brotaþoli grípur um hægra hné sitt þar sem hann liggur á stigapallinum eftir að ákærði sleppti honum í gólfið. Bar hann sjálfur að hann hefði fundið fyrir miklum sársauka þegar yfir lauk. Ákærði kannast við að hafa séð merki þess að brotaþoli hefði meiðst. Brotaþoli leitaði á slysadeild strax í kjölfarið og ekki löngu síðar til bæklunarlæknis, eins og áður er lýst, sem kvað augljóst að um bráðaáverka væri að ræða sem væri nýr, tilkominn vegna álags eða þrýstings. Hann teldist alvarlegur þegar litið væri til þess að brjósksbitar hefðu losnað úr hnénu og afleiðinga síðar meir. Dómurinn telur ekkert fram komið í málinu sem

styður að brotaþoli hafi hlotið áverkann við að þvinga upp salernisbásinn með því að beita þeirri aðferð sem vitni hafa lýst. Þá liggja fyrir ljósmyndir af salernisbásnum eftir að viðgerð lauk sem þykja styðja lýsingu vitna.

Með vísan til framangreinds, læknisvottorða og framburðar læknanna, sér í lagi bæklunarlæknisins, telur dómurinn sannað að brotaþoli hafi hlotið þá áverka sem í ákæru greinir og að þeir hafi verið sennileg afleiðing háttsemi ákærða. Ákærði beitti brotaþola vísvitandi harðræði og lét sér í léttu rúmi liggja hverjar afleiðingar þess yrðu. Er ekkert fram komið í málinu sem gerir líklegt að áverkar þessir hafi hlotist með öðrum hætti. Telur dómurinn afleiðingarnar vera þess eðlis að fella beri undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Í því sambandi er einkum litið til þess að áverkar voru umtalsverðir og afleiðingarnar þær að aðgerð þurfti til að fjarlægja brjóskebita sem losnað höfðu. Þó svo að ekki sé unnt að sjá afleiðingar til framtíðar liggur fyrir að ákærði glímir enn við eftirköst sem há honum í starfi í dag. Til hliðsjónar vísast til dóms Hæstaréttar í máli nr. 154/1990.

### **Refsiákvörðun og einkaréttarkrafa**

Ákærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi. Til þess er litið við ákvörðun refsingar.

Til refsipýngingar horfir að háttsemi ákærða var alvarleg og gekk mun lengra en efni stóðu til. Ákærði hafði augljósa yfirburði fram yfir brotaþola eins og greinilega kemur fram á upptökunni. Í því sambandi er litið til líkamlegra yfirburða en auk þess var ákærði allsgáður en brotaþoli var það ekki. Eru engin efni til þess að líta til 3. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum við ákvörðun refsingar.

Atvik málsins áttu sér stað í byrjun desember 2019. Fljótlega eftir að brotaþoli lagði fram kæru 18. desember 2019 var aflað gagna og teknar skýrslur af ákærða og vitnum. Lauk rannsókn í apríl 2020. Ákæra í málinu var gefin út rúmu ári síðar eða 22. júní 2021.

Með hliðsjón af öllu framangreindu og með vísan til 1., 3., 4. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða vera 60 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sinnar en hún var til þess fallin að valda brotaþola miska. Á brotaþoli rétt á miskabótum úr hendi hans á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bóta er litið til þeirra afleiðinga sem fá stoð í gögnum málsins. Ekki liggja fyrir gögn í málinu um andlega vanlíðan brotaþola. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Krafa um miskabætur ber vexti

eins og í dómsorði greinir. Eru dráttarvextir á lagðir mánuði eftir birtingu bótakröfunnar við þingfestingu málsins. Þá er fallist á kröfu brotaþola um útlagðan kostnað 95.918 krónur en krafan er studd gögnum og henni var ekki mótmælt. Verður á hana fallist eins og hún er fram sett en ekki er krafist dráttarvaxta af henni. Þá skal ákærði greiða brotaþola málskostnað vegna meðferðar bótakröfunnar eins og nánar greinir í dómsorði.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Erlendar Þórs Gunnarssonar lögmanns, og annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti. Við ákvörðun málsvarnarlauna er höfð hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns, reglum Dómstólasýslunar nr. 2/2021 og umfangi málsins. Þá er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Björn Ingvi Tyler Björnsson, sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falli niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði A 500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 8. desember 2019 til 21. október 2021, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags, 95.918 krónur vegna útlagðs kostnaðar og 280.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Erlendar Þórs Gunnarssonar lögmanns, 824.600 krónur, og 67.362 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltsted